



Kór A1AA03

Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2025

Kennari	Stefán Þorleifsson (SÞ) - stebbi@fsu.is
---------	---

Áfangalýsing:

Kórsöngur. Sungin er tónlist frá ólíkum tímaskeiðum tónlistarsögunnar. Sungið er frá einni og upp í fjórar raddir (SATB). S: Sópran A: Alt T: Tenór B: Bassi. Einnig munu hljóðfæraleikarar og einsöngvarar innan hópsins verða nýttir eins og kostur er. Æfingar eru tvær á viku. Mæting er afar mikilvæg því þetta er hópstarf sem byggir á samvinnu. Skyld er að mæta við brautskráningu í lok annar og taka þátt í tónlistarflutningi með kórnum í heild.

Undanfari: enginn

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

Fjölbreyttum raddgerðum og raddfærslum í flutningi tónlistar.

Ólíkum straumum og stefnum í tónlist.

Grunnatriðum í söng.

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

Að læra á sína eigin rödd, raddbeiting.

Að hlusta eftir öðrum röddum samtímis eigin söng.

Að fylgja stjórnun.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Miðla áfram tónlist til áheyrenda.

Vinna að sameiginlegum markmiðum hópsins.

Námsefni:

- Nemanda ber að sækja app (Chorimate). Inní á þessu appi munu liggja nótur sem notaðar verða í kórstarfinu. Einnig er hægt að opna síðuna www.choirmate.com og logga sig þar inn og prenta út nótur ef það hentar betur. Á æfingum skal styðjast við

síma eða spjaldtölvu.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Æfingar fara fram skv. stundaskrá á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 15:30-17:00
Laugardaginn 8. mars verður æfing frá 10-14 í skólanum.

Námsmat byggir á þátttöku í æfingum og tónleikum.

**Lokapróf áfangans er þátttaka á Vortónleikum Kórs FSu sunnudaginn 6. apríl í sal skólans.
Einnig er stefnt að upptökum á 1-2 lögum til útgáfu.**

Sérreglur áfangans:

Kórfélagar þurfa að vera meðvitaðir að í einhverjum tilvikum er æft og sungið utan
hefðbundinnar stundaskrár. Ítrekað skal að kórfélögum ber að syngja við brautskráningu í
lok annar.

Stjórn kórs leggur línur um klæðaburð sem kórfélögum ber að fylgja eftir.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 15. janúar 2025. Stefán Þorleifsson